

Mótanefnd KSÍ

Reykjavík, 10. febrúar 2023.

Efni: Álit mótanefndar KSÍ vegna lagabreytingartillögu um 2. deild kvenna (Þingskjal 9).

Hér er verið að veita heimild til þess að ef félögin eru 12 eða fleiri sem taka þátt í 2. deild kvenna, þá sé heimilt að skipta 2. deild kvenna í upp í tvær deildir. Í dag eru 12 lið skráð til leiks í 2. deild kvenna. Þau leika núna öll 22 leiki. Ef þessi heimild yrði nýtt í 12 liða mót, þá er hætt við því að þau fjögur lið sem eftir standa í 3. deild kvenna fengju fáa leiki og mótíð yrði ekki til þess fallið að vekja áhuga hjá viðkomandi liðum. Ferðalög milli landshluta í margra umferða mótum gæti reynt verulega á þau félög. Jafnframt myndi 8-liða mót í 2. deild kvenna með tvöfaldri umferð, fækka leikjum verulega miðað við núverandi fyrirkomulag.

Það verður alltaf verkefni hreyfingarinnar að finna besta mögulega fyrirkomulag í neðstu deild karla og kvenna. Nefndin er almennt ekki sannfærð um að það sé best fyrir félögin að festa fyrirkomulagið þar of mikið. Slíkt gæti mögulega komið í veg fyrir að hægt væri að bregðast hratt við breyttum aðstæðum.

F.h. Mótanefndar

Torfi Rafn Halldórsson, formaður